
Sýnir í FÍM salnum

BRYNDÍS Jónsdóttir leirlistakona opnar sína fyrstu einkasýningu í FÍM-salnum, Garðastræti 6, laugardaginn 15. september klukkan 15. Á sýningunni eru verk unnin í steinleir og postulín.

Bryndís lauk námi frá keramikdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1978. Hún hefur rekið eigið verkstæði frá 1985 og tekið þátt í mörgum samsýningum, m.a. fyrir hönd Íslands á Nordisk Forum 1988 í Osló. Einnig á hún verk á Íslandskynningunni Focus på Island sem nú stendur yfir í Álaborg í Danmörku.

Sýningin stendur til 30. september og er opin alla daga frá klukkan 14-18. Sýningin er sölusýning.



Verk eftir Bryndísi Jónsdóttur leirlistakonu.



Morgunblaðið/Einar Falur

Kristinn E. Hrafnsson myndhöggvari við verk sín.

Höggmyndasýning á Kjarvalsstöðum

FYRSTA einkasýning Kristins E. Hrafnssonar myndhöggvara verður opnuð á Kjarvalsstöðum laugardaginn 15. september klukkan 14. Á sýningunni, sem lýkur þann 30. september, getur að líta smærri og stærri skúlptúra eftir Kristin sem flestir eru unnir í málma og allir gerðir á þessu ári.

Kristinn er Norðlendingur, fæddur árið 1960 á Ólafsfirði. Hann útskrifaðist frá Menntaskólanum á Akureyri vorið 1981 og nam auk þess myndlist við Myndlistarskólann á Akureyri um eins árs skeið, þar til hann innritaðist í myndmótunardeild MHÍ. Þar varð aðalkennari hans Jón Gunnar Árnason. Að námi loknu í MHÍ árið 1986 sigldi Kristinn til Þýskalands og nam myndmótun næstu fjögur ár við Myndlistarakademíuna í München, undir stjórn Eduardo Paolozzi, eins af upphafsmönnum popplistar í skúlptúr. Kristinn lauk námi hjá Paolozzi í upphafi þessa árs.

Kristinn varð hlutskarpastur í samkeppni Reykjavíkurborgar um umhverfislistaverk við Borgarleikhúsið árið 1988 og er nú unnið að endanlegri hönnun þess. Þá vinnur Kristinn og að stóru útlitsverki við Sparisjóð Ólafsfjarðar.

Kristinn gegnir nú formennsku í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík. Sýning Kristins á Kjarvalsstöðum ber yfirskriftina „Staðir". Hún verður opin milli klukkan 11 til klukkan 18 alla daga fram til síðasta dags september.

Við opnun sýningarinnar frumflytur Örn Magnússon, pianósónötu í þremur þáttum eftir Ríkharð H. Friðriksson.

(Fréttatilkynning)

Norræna húsið:

Píanótónleikar

ROBERT Birchall heldur píanótónleika í Norræna húsinu þriðjudaginn 18. september klukkan 20.30. Á efnisskránni er Píanósónata í B dúr eftir Schubert og 24 prelúdíur eftir Chopin.

Robert Birchall er fæddur 1960 á Englandi. Tíu ára gamall fór hann að læra á píanó. Þremur árum síðar fór hann til Manchester þar sem hann lærði í Chethams School of Music, þar á eftir stundaði hann framhaldsnám í Royel Northern College of Music. Aðalkennarar hans þar voru Una Bradbury og George Hadiníkos.

Árið 1985 kom hann til Íslands og er nú kennari við Tónskóla Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.



HAPPAÞRENNA
HAPPDRÆTTIS HÁSKÓLANS

Kynning frjálsra æskulýðssamtaka á heimi barnanna:

Íslenskur fulltrúi tekur þátt í hringborðsumræðum í Genf

DAGANA 15.-18. september taka fulltrúar 200 landa þátt í hringborðsumræðum í Genf í Sviss, en ummræðurnar eru byrjun á átaki Frjálsra æskulýðssamtaka til að kynna heim barnanna undir slagorðinu „Börn koma fyrst". Fulltrúarnir eru allir ungir meðlimir aðildarfélaga Frjálsra æskulýðssamtaka, og tekur einn íslenskur fulltrúi, Hulda Guðmundsdóttir, þátt í umræðunum.

Þetta átak Frjálsra æskulýðssamtaka er stutt af Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, , og er því ætlað að vera hvatning til hinna ungu fulltrúa um að hefja virkt starf til að ná ákveðnu markmiði, sem hinn alþjóðlegi heimur hefur sett, en markmið þessa áratugar er að finna leiðir til að bæta og bjarga lífi milljóna barna. Leiðtogar þriðja heimsins munu hittast á á Heimsfundi barna í New York dagana 29.-30. september næstkomandi, og mun hringborðsumræða Frjálsu æskulýðssamtakanna beina thygli þeirra að nauðsyn þess að fylgja þessum amrkmiðum eftir.

Meðal fulltrúanna 200 eru nokkrir frá Alþjóðasamtökum kvenskáta, samtaka stúlkna, sem í sjálfboðavinnu vinna að fræðslumálum. Bandalag íslenskra skáta er eitt 110 aðildarfélaga að Alþjóðasamtökum kvenskáta, og var einn fulltrúi, Hulda Guðmundsdóttir, valin úr ópi íslenskra ungmenna til þátttöku í hringborðsumræðunum. Hulda er 22 ára sálfræðinemi, og hefur verið meðlimur í Bandalagi íslenskra skáta síðan 1979.

Textílverk í Hafnarborg:

Síðasta sýningarhelgi

SÝNING á textílverkum átta listakvenna stendur yfir í Hafnarborg, lista- og menningarmiðstöð Hafnarfjarðar. Síðasti sýningardagur er á morgun, sunnudag.

Listakonurnar eru: Björk Magnúsdóttir, Fjóla Kristín Árnadóttir, Helga Pálína Brynjólfsdóttir, Hrafnhildur Sigurðardóttir, Hulda Sigurðardóttir, Ingiríður Óðinsdóttir, Kristrún Ágústsdóttir og Ragnhildur Ragnarsdóttir.

AÐALFUNDUR BÍLGREINASAMBANDS ÍSLANDS

verður haldinn laugardaginn 29. september nk. á Hótel Sögu, Reykjavík, og hefst kl. 09.15.

Dagskrá:

Kl. 09.15	Fundarsetning – Gísli Guðmundsson, formaður BGS.
Kl. 09.30-11.30	Sérgreinafundir A. Verkstæðisfundur B. Bílamálarar og bifreiðasmiðir C. Bifreiðainnflytjendur og varahlutasalar D. Smurstöðvar og hjólbarðaverkstæði
Kl. 11.30-12.15	Niðurstöður sérgreinafunda
Kl. 12.30-14.00	Hádegisverður – hádegisverðarerindi
Kl. 14.15	Aðalfundur Bílgreinasambandsins – Aðalfundarstörf skv. 9. gr. laga sambandsins.

Stjórn BGS hvetur sambandsaðila til að mæta á fundinn á Sögu og tilkynna þátttöku til skrifstofu BGS, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir 20. september nk.

Stjórn Bílgreinasambandsins.

Rynkeby
ÁVAXTAGRAUTAR



VERSLUNARDEILD SAMBANDSINS

Sólstofur – Svalahýsi



Sýnum

laugardag og sunnudag frá kl. 13-18:

Sólstofur, renniglugga, rennihurðir, útihurðir, fellihurðir o.fl. úr viðhaldsfríu PVC efni.

Ekkert viðhald
Alltaf sem nýtt

Gluggar og Garðhús hf.
Smiðsbúð 8, 210 Garðabæ, sími 44300.